

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	16.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Þorkell Árnason	Staðsetning	381456,135 435175,315

Niðurstaða eftirlits

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram um að fjarlægja þurfi aflagða lögn sem farin er að láta á sjá, við Litla-Sand.

Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. að Litla-Sandi og Digralæk (Miðsandi), Hvalfirði. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 133.000m³ af olíu og bensíni og móttaka á úrgangsolíu er einnig hemil. Heimild er fyrir 6.850m³ ofanjarðar á Litla-Sandi og allt að 12.700m³ af olíu í hverjum geymi, neðanjarðar á Digralæk (Miðsandi). Starfsleyfið gildir til 10. desember 2031.

Eftirlitið var framkvæmt í tveimur hlutum, annars vegar vettvangsferð sem framkvæmd var þann 15. maí sl. og hins vegar fundur með rekstraraðila þann 16. maí sem tekinn var samhliða eftirliti hjá rekstraraðila í olíubirgðastöðinni í Örfirisey.

Umfang vettvangsferðar var eftirfarandi:

- Gengið um svæðið og aðstaðan skoðuð
- Frágangur um geyma
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Girðingar og hlið

Boðað umfang eftirlitsfundar var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2023 og engin ábending sett fram. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Stöðin hefur staðið tóm frá því í september 2021 og engin olíuefni til staðar. Eftirlit og vöktun verður áfram með stöðinni skv. verklagsreglum þar um.

Alls eru 15 geymar í stöðinni og voru þeir allir botnþykktarmældir árið 2022, bæði á Litla-Sandi og Miðsandi, fyrir utan geyma merkt T2016 (311.19.00) og T0085 (311.18.00) en þeir voru síðast mældir árin 2016 og 2017. Allt lagnakerfið var þrýstiprófað í júlí 2022. Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi skal þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti og þykktarmæla geyma á 10 ára fresti. Hönnun geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn. Mikilvægt er að katóðukerfinu sé vel viðhaldið og minnt er á það. Katóðutæringarvarnir voru endurnýjaðar árið 2020.

Gufuendurnýtingarbúnaður er í stöðinni og er hann staðsettur á Litla-Sandi fyrir báðar stöðvarnar. Búnaðurinn var sendur til Bretlands í apríl 2023 þar sem hann var yfirfarinn og endurnýjaður eftir þörfum. Búnaðurinn er nú komin

aftur upp og virkar vel að sögn rekstraraðila. Minnt er á að gera þarf mælingar á búnaðinum þegar stöðin hefur aftur verið tekin í notkun.

Sjálfvirkir olíuskynjarar eru staðsettir í frárennsli stöðvarinnar og loka þeir fyrir streymi út úr stöðinni ef olía skynjast í frárennslinu. Starfsmenn fá send sjálfvirk boð ef skynjarar nema olíu í frárennsli en ekkert álag er á skiljunum á meðan stöðin stendur tóm. Taka skal sýni að lágmarki þriðja hvert ár úr olíuskiljum skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Síðast var tekið sýni árið 2021 og því skal taka sýni nú í ár.

Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók. Eftirliti með stöðinni er stýrt frá stöðinni í Örfirisey og er myndavélakerfi með hreyfiskynjurum tengt þangað. Myndavélakerfi var skoðað í eftirlitinu í Örfirisey og nema vélarnar hreyfingar við stöðina.

Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 hefur verið endurnýjuð til 14. janúar 2026.

Ekki hefur orðið breyting á tilhögun úrgangsflokkunar og söfnunar í stöðinni frá síðasta eftirliti.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Ekið var bæði að Digralæk og Litla-Sandi, gengið um svæðið í kringum stöðina, girðingar skoðaðar og stóðu hlið læst við komu. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Aflögð lögn sem liggur að Litla-Sandi er orðin ljót að sjá og þyrfti að huga að því að fjarlægja hana.

Ábendingar

Ábending er sett fram um að aflögð lögn sem liggur að stöðinni að Litla-Sandi er farin að láta á sjá og þyrfti að fjarlægja.

Annað

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar, hvorki hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila, frá því að síðasta eftirlit fór fram árið 2023.

Rekstraraðili var minntur á að senda tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar olía kemur aftur í stöðina.

Rætt var um förgun spilliefna og þá stöðu sem gæti komið upp hjá spilliefnamóttökunum að ekki verði tekið við spilliefnum til förgunar þar sem förgunarleiðir eru takmarkaðar við brennslu eða útflutning.

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem effirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

